

**Efnahags- og  
viðskiptaráðuneyti**

**Minnisblað**

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**  
Dagsetning: **06.04.2011**  
Málsnúmer: **EVR10100116**  
Bréfalykill: **4.1**

Efni: **Frumvarp til laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði -  
139. löggjafarþing**

**Samanburður ákvæða tilskipana og frumvarps.**

Á fundi viðskiptanefndar þann 4. þ.m. var óskað eftir því að ráðuneytið gerði sérstaklega grein fyrir því hvaða ákvæði tilskipana um sameiginlega fjárfestingu (UCITS tilskipana) væri verið að innleiða með frumvarpinu og hver væru séríslensk.

Í athugasemdum með frumvarpinu er gerð grein fyrir tilurð frumvarpsins og rakið ítarlega í III. kafla hvaða breytingar verið er að leggja til frá efni gildandi laga. Þá er í IV. kafla sérstaklega gert grein fyrir þeim breytingum sem gerðar voru á efni frumvarpsins á milli 138. og 139. löggjafarþings. Loks er í V. kafla að finna umfjöllun um viðeigandi gerðir Evrópusambandsins.

Til álita hefur komið að hefja undirbúning samanburðartaflna (TOC) sem sendar eru til Eftirlitsstofnunar EFTA fyrr en nú er gert. Til að geta brugðist við breytingum sem orðið geta á frumvörpum við þinglega meðferð hefur vinna við töflurnar almennt ekki hafist fyrr en þau hafa orðið að lögum. Til tals hefur komið að taka saman drög að samanburðartöflum sem fylgi þá svokölluðum EES-frumvörpum. Áfram verður unnið að undirbúningi slíkrar málsmeðferðar.

Þrátt fyrir ósk viðskiptanefndar um að tekin verði saman sérstök samanburðartafla þar sem finna má í hvaða greinum frumvarpsins einstök ákvæði UCITS-tilskipana hafa verið innleidd, telur ráðuneytið að í athugasemdum með frumvarpinu og sambærilegri umfjöllun í eldri frumvörpum, auk þeirra upplýsinga sem er að finna í samanburðartöflum sem teknar hafa verið saman fyrir Eftirlitsstofnun EFTA sé að finna allar þær upplýsingar sem að gagni koma til þess að nefndin geti myndað sér skoðun á því hvort staðið sé með fullnægjandi hætti að innleiðingu og eins hvaða ákvæði frumvarps og eldri frumvarpa um sama efni eru ekki bein innleiðing.

Þá er enn fremur rétt að benda á flest ákvæði tilskipunar nr. 2007/16/EB munu verða innleidd með reglugerð sem fær lagastoð í frumvarpinu, verði það að lögum. Er hér farin svipuð leið og Norðmenn fóru við innleiðingu á tilskipuninni.

Meðfylgjandi eru drög að reglugerð sem bíður endanlegrar útfærslu og þrjár samanburðartöflur vegna eldri UCITS tilskipana, nr. 85/611, 2001/107 og 2001/108.